

ÁRSSKÝRSLA 2006

EFNISYFIRLIT

	Bls
STJÓRN RARIK	4
FORMÁLI	5
STJÓRNSKIPURIT	8
STARFSEMIN 2006	9 - 19
Ársfundur 2006	9
Hlutafélag	9
Fjármál	10
Dótturfélög	10
Sameiningarmál	11
Markaðsvæðing raforkusölu	11
Orkusala og dreifing	11
Jarðstrengir í stað loftlína	12
Sæstrengur	14
Rafvæðing sumarhúsa	15
Aðrar framkvæmdir	15
Truflanir	15
Raforkuframleiðsla	15
Hitaveitur	16
Öryggi og gæði	17
Útrás	17
Upplýsingakerfi	18
Félags- og starfsmannamál	18
Lagarfossvirkjun	19
ÁRSREIKNINGUR	20 - 31
SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNING	27 - 32
ENGLISH SUMMARY	33



ÁRSSKÝRSLA 2006





Stjórn RARIK ohf ásamt forstjóra. Fremri frá vinstri; Elín R. Líndal, Berglind Hallgrímsdóttir og Ingibjörg Sigmundsdóttir. Aftari röð frá vinstri Hilmar Gunnlaugsson, Tryggvi Þ. Haraldsson forstjóri og Sveinn Þórarinsson formaður stjórnar.

Hlutfélagið RARIK ohf var stofnað 12. júlí sl. og þriðjudaginn 1. ágúst tók hið nýja hlutfélag við allri starfsemi og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Á stofnfundi hlutfélagsins voru kjörin sem aðalmenn í stjórn:
Berglind Hallgrímsdóttir, Elín R. Líndal, Hilmar Gunnlaugsson,
Ingibjörg Sigmundsdóttir og Sveinn Þórarinsson.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar RARIK ohf skipti stjórnin með sér verkum og var Sveinn Þórarinsson valinn formaður stjórnar, Hilmar Gunnlaugsson varaformaður og Ingibjörg Sigmundsdóttir ritari.

Stjórnin réði Tryggva Þór Haraldsson í stöðu forstjóra RARIK ohf.

VIÐBURÐARÍKT ÁR

Árið 2006 var viðburðaríkt í starfsemi RARIK og bar þar hæst formbreyting fyrirtækisins úr ríkisfyrirtæki í opinbert hlutafélag. Þessi formbreyting var samþykkt á Alþingi þann 3. apríl 2006 eða réttum 60 árum eftir að lög um stofnun Rafmagnsveitna ríkisins voru samþykkt á Alþingi, þann 2. apríl 1946. RARIK ohf. var stofnað þann 12. júlí 2006, en fyrirtækið tók til starfa 1. ágúst. RARIK ohf. tók þá yfir alla starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins og þær hættu starfsemi. Í þessari ársskýrslu er fjallað um starfsemi beggja fyrirtækjanna til að auðvela samanburð við fyrri ár.

BREYTINGAR Á ORKUVERÐI

Umtalsverðar breytingar áttu sér stað á raforkuviðskiptum í kjölfar breytinga á raforkulögum sem samþykktar voru á árinu 2003 og tóku gildi í áföngum til 2006. Áhrif þeirra á orkukostnað íbúa landsins hafa verið talsvert í umræðunni og eru misjöfn. Þótt breyting á verði til viðskiptavina RARIK milli árana 2004 og 2006 hafi að meðaltali ekki verið meiri en sem nemur verðlagshækkunum, þá kom breytingin misjafnlega við viðskiptavinum fyrirtækisins.

Til að draga saman hver áhrifin voru, má segja að þeir sem áður borguðu lægsta verðið fyrir hverja kílóvattstund fengu nokkra hækkun, en þeir sem áður greiddu hæsta verðið fengu lækkun. Þannig má segja að nýju raforkulögin hafi haft í för með sér jöfnun raforkuverðs í landinu þegar á heildina er litið. Það var enn fremur eðlileg breyting að verðskrá fyrir dreifingu raforku væri óháð því í hvað orkan er notuð.

Sérstakar niðurgreiðslur orkufyrirtækjanna til rafhitunar og millifærslur milli notkunarflokka féllu því niður. Þetta hafði þau áhrif að rafhitnotendur komu verr út úr þessum breytingum en aðrir raforku-notendur, þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur ríkisins. Ef bregðast á við þessu þarf það að gerast með frekari endurskoðun á rafhitaniðurgreiðslum í fjárlögum.

STOFNUN ORKUSÖLUNNAR EHF.

RARIK og Orkubú Vestfjarða hófu viðræður um stofnun sameiginlegs orkusöluvirkjanar í ársbyrjun 2005, með það að markmiði að slíkt fyrirtæki væri betur í stakk búið til að takast á við nýtt samkeppnisumhverfi. Í kjölfar yfirlýsingar stjórnvalda um hugsanlega sameiningu þessara fyrirtækja við Landsvirkjun var um mitt ár 2005 hafinn undirbúningur að stofnun orkusöluvirkjanar í eigu þeirra allra. Hið nýja fyrirtæki, Orkusalan ehf., skyldi ráða yfir virkjunum til eigin framleiðslu auk þess að kaupa raforku í heildsölu frá framleiðendum.

Skemmst er frá því að segja að Samkeppniseftirlitið gerði athugasemd við aðkomu Landsvirkjunar að Orkusölu ehf. og verður því ekkert af aðkomu hennar að fyrirtækinu. Forsendur hafa því breyst. RARIK hefur engu að síður ákveðið að stiga skrefið og hefur nú þegar fært orkusölu sína til Orkusölu ehf. og er verið að ganga frá því að fimm virkjanir fari einnig þangað inn; Rjúkandi, Skeiðsfoss, Grímsá, Lagarfoss (eldri) og Smyrlabjargaárvirkjun. Jafnframt er gert ráð fyrir að Orkusalan ehf. auki virkjanakost sinn á næstu árum.

Frá stofnfundi RARIK ohf



Með stofnun Orkusölnunnar ehf. er stigið mikilvægt skref til að auka samkeppnishæfni á raforkumarkaði, en við núverandi aðstæður er nauðsynlegt að eiga aðgang að hagkvæmri eigin framleiðslu til að standast samkeppni. Þá er samkeppnisreksturinn aðskilinn frá einkaleyfisstarfseminni með það að markmiði að skerpa áherslur í starfseminni og mun Orkusalan ehf. fyrst og fremst stunda orkusölu og tengda samkeppnisstarfsemi.

LAGARFOSSVIKJUN

Á undanförunum misserum hefur RARIK unnið að stækkun Lagarfossvirkjunar á Héraði um allt að 20 MW með um 130 GWh orkuaukningu á ári. Framkvæmdin felur meðal annars í sér nýja aflvél með tilheyrandi búnaði, stækkun stöðvarhúss, dýpkun og breikkun aðrennslisskurðar. Litostroj frá Slóveníu sér um smíði á hverfli og gangráði og Koncar frá Króatíu um smíði á rafala og segulmögnunarbúnaði, ásamt stjórn- og varnarbúnaði fyrir bæði nýju og gömlu vélarnar. Þá hafa Íslenskir aðalverktakar séð um byggingarhluta virkjunarinnar. Montavar Metalna Nova smíðar rista- og lokubúnað og Munch Cranes í Noregi afhendir byggingarkrana.

Vinna við stækkunina hefur gengið vel og er nánast á áætlan. Byggingarhlutinn er langt kominn og búið að koma fyrir stærstu hlutum vélbúnaðar. Gert er ráð fyrir að nýi hluti virkjunarinnar verði gangsettur vorið 2007 og frágangi ljúki síðar á því ári. Samhliða var farið í endurnýjun gangráðs, segulmögnunarbúnaðar, stjórn og varnarbúnaðar eldri hluta virkjunarinnar, sem er 8 MW, og er þeirri vinnu lokið. Samið hefur verið um að stækkun Lagarfossvirkjunar verði seld fullbúin inn í dótturfélagið Orkusöluna ehf. á árinu 2007.

JARÐSTRENGSLAGNIR

Mikið átak hefur verið gert á síðustu árum í lagningu jarðstrengja í stað loftlína. Á undanförunum tveimur árum hefur tvöföldu fjármagni verið veitt í þennan málaflokk miðað við árin á undan. Er þetta gert til að auka rekstraröryggi dreifikerfisins, en einnig til þess að verða við auknum kröfum um þrífasa rafmagn og minnkandi sjónræn áhrif línukerfisins. Í ár var lang umfangsmesta verkefnið jarðstrengslögn frá Reynivöllum í Suðursveit að Skaftafelli í Örafum, alls 84 km með álmum. Áfram er gert ráð fyrir átaki í jarðstrengslögnum. Þá var lokið við tengingu 66 kV jarðstrengs frá Dalvík til Ólafsfjarðar og lagður nýr sæstrengur til Hríseyjar.

AFKOMA RARIK

Rekstrartekjur RARIK ohf. frá 1. ágúst til ársloka 2006 námu 2.837 milljónum kr. Rekstrartekjur Rafmagnsveitna ríkisins á tímabilinu 1. janúar til 31.

júlí 2006 námu 3.835 milljónum kr. Til samanburðar námu rekstrartekjur Rafmagnsveitna ríkisins 7.511 milljónum á árinu 2005.

Tap RARIK ohf. á síðustu 5 mánuðum ársins nam 381 milljón kr. Þar af var gjaldfærð lífeyrisskuldbinding vegna breytinga á forsendum uppgjörs við Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna 525 milljónir. Hagnaður var hins vegar á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins á tímabilinu 1. janúar til 31. júlí, sem nam 1.168 milljónum kr. að teknu tilliti til skattinneignar. Samanlögð afkoma ríkisfyrirtækisins og hlutfélagsins er því 787 milljóna kr. hagnaður. Til samanburðar var hagnaður af starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins 1.590 milljónir kr. á árinu 2005.

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2006 námu heildareignir 23.039 milljónum kr. Heildarskuldir voru 8.855 milljónir og eigið fé 14.184 milljónir.

Eiginfjárlutfall er 62% í árslok 2006. Aukning eiginfjár frá árinu 2005 nemur 1.010 milljónum, sem meðal annars skýrist af endurmati eigna við gerð stofnefnahagsreiknings RARIK ohf.

Samkvæmt lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja voru Rafmagnsveitur ríkisins skattskyldar frá ársbyrjun 2006. Endurmeta skal fyrningar mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja eftir ákveðnum afskriftahlutföllum. Eftir endurmat fyrninga er skattagrunnur varanlegra rekstrarfjármuna hærra en bókfært verðmæti þeirra sem myndar skatteign. Með lögum nr. 164/2006 var ákveðið að RARIK ohf. yfirtaki skattaleg réttindi og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins frá upphafi ársins. Reiknuð skattinneign RARIK ohf. vegna alls ársins 2006 er tæpar 1.570 millj. kr.



60 ÁRA AFMÆLI RARIK.

RARIK fagnar nú 60 ára afmæli fyrirtækisins. Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) hófu starfsemi 1. janúar 1947, og mun fyrirtækið minnst þessara tímamóta með ýmsum hætti á árinu. Meginverkefni RARIK var að afla almenningi og atvinnuvegum nægrar raforku á hagstæðan hátt. Á fyrstu árum RARIK var m.a. ráðist í gerð nokkurra virkjana og árið 1954 var lögfest svonefnd 10 ára rafvæðingaráætlun, sem fól



Í sér mikið átak í línulögnum um landið. Það var tími mikilla breytinga í sveitum landsins, en með átakinu tókst að rafvæða verulegan hluta landsins. Á áttunda áratugnum reistu RARIK tvær vatnsaflsvirkjanir, Lagarfossvirkjun og Mjólkársvirkjun II sem báðar voru teknar í notkun 1975. Ennfremur tók fyrirtækið við rekstri Kröfluvirkjunar í ársbyrjun 1979 og sá um rekstur hennar allt til ársins 1985 að Landsvirkjun tók við rekstrinum.

Árið 1972 hófust framkvæmdir við fyrsta hluta í svonefndum byggðalínum. Með þeim var ætlunin að hringtengja raforkukerfi landsins og samtengja þannig raforkukerfi einstakra landshluta. RARIK var falið þetta verkefni af Iðnaðarráðuneytinu og lauk því um miðjan níunda áratuginn. Þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað 1978 tók það við starfsemi RARIK á Vestfjörðum og um mitt ár 1985 keypti Hitaveita Suðurnesja flutningskerfi RARIK á Reykjanesi og þar með markað Varnarliðsins á Miðnesheiði. Þessi skörð, sem höggvin voru í markaðinn, bætti RARIK sér að nokkru með kaupum á nokkrum rafveitum og hitaveitum.

RARIK á og rekur nú dreifikerfi á 36 þéttbýlisstöðum. Unnið hefur verið jafnt og þétt að uppbyggingu dreifikerfa í sveitum, en um 90% þeirra eru í umsjá RARIK. Miklu hefur verið áorkað í styrkingu stofnlína og nýjar línur lagðar með mikla flutningsgetu og auka þær verulega rekstraröryggi og möguleika byggðarlaga á nýtingu raforku. Í gjörbreyttu rekstrarumhverfi tók RARIK ohf. á árinu 2006 við því mikilvæga hlutverki sem Rafmagnsveitur ríkisins höfðu gegnt undanfarin 60 ár.

FRAMTÍÐIN

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á sameiningu orkufyrirtækja í eigu ríkisins, en sátt hefur ekki enn

náðst um málið á Alþingi. Allar líkur eru þó á því að áfram verði unnið að sameiningu þessara fyrirtækja í eina samstæðu og þá líklega á þeim forsendum sem fyrirtækin voru sjálf búin að forvinna. Þau skref sem stigin hafa verið hjá RARIK í breytingum á fyrirtækinu hafa verið í takt við þá vinnu.

Frá því raforkulög frá 2003 tóku gildi hefur RARIK gengið í gegnum miklar breytingar. Strax var handa við umfangsmiklar breytingar á skipulagi til að aðgreina einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins, bæði bókhaldslega og stjórnuarlega. Flutningsvirki RARIK voru síðan seld inn í Landsnet hf. á árinu 2005 og á RARIK nú um 24% hlut í Landsneti.


Formbreyting í opinbert hlutafélag var 1. ágúst 2006 og í ársbyrjun 2007 var sölustarfsemi fyrirtækisins, auk orkuframleiðslu sett inn í sérstakt dótturfélag, Orkusöluna ehf. Þannig hefur fyrirtækið nú náð að aðlaga sig að breyttu rekstrarumhverfi raforkumála og aðskilið einkaleyfisrekstur frá samkeppnisrekstri með hreinum fyrirtækjaaðskilnaði.

Með þessum hætti er gegnsæi aukið og eftirlit með því að samkeppnisstarfsemi njóti einskis óeðlilegs stuðnings frá einkaleyfisþáttum gert auðveldara. Er það mat RARIK að aðeins sé tímaspursmál hvenær aðrar orkuveitur muni fara sambærilega leið í aðskilnaði einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi sinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og rekstrarforsendur eru vel tryggðar. Aðsemi fyrirtækisins af raforkudreifingu er þó takmörkuð með lögum og minni en almennt er gerð krafa um í rekstri fyrirtækja. Stærsta eign RARIK í öðrum félögum er í Landsneti hf. og er bókfært verðmæti þess hlutar 1.329 milljónir kr. Aðsemi hlutarins í Landsneti er einnig takmarkaður með lögum, þannig að fjármunir RARIK eru bundnir að mjög stórum hluta í eignum með lága en tryggja aðsemi.

Hjá fyrirtækinu er mikil þekking á flestum þáttum í rekstri og uppbyggingu raforkukerfa og hitaveitumála. Það hlýtur því að vera eðlilegt næsta skref að fyrirtækið leggi fram ákveðna fjármuni til að nýta þá þekkingu til þátttöku í svokölluðum útrásarverkefnum, með stofnun sérstaks dótturfélags eða með aðild í slíku félagi.

Guðmundur Þorsteinsson
Tingeyri, Haraldur





Ársfundur RARIK 2006 var haldinn í Borgarbyggð

ÁRSFUNDUR 2006

Á ársfundi RARIK, sem haldinn var í Borgarbyggð 19. maí 2006, var fjallað um rekstur fyrirtækisins á liðnu ári, stöðu þess og horfur til framtíðar. Á fundinum var gerð ítarleg grein fyrir afkomu ársins 2005 og helstu þáttum í starfsemi RARIK.

Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri flutti ávarp iðnaðarráðherra, sem var erlendis, og ræddi málefni raforkuiðnaðarins og kynnti skipan nýrrar stjórnar. Skipan stjórnar var óbreytt frá fyrra ári, en skipunartíminn stuttur, eða til þess tíma að RARIK ohf tók til starfa s.l. sumar. Stjórnina skipuðu Sveinn Þórarinsson, formaður, Árni Johnsen, Benóný Arnórsson, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Stefán Guðmundsson og Sveinn Ingvarsson.


Sveinn Þórarinsson stjórnarformaður ávarpaði fundinn og ræddi áhrif nýrra raforkulaga og þær miklu framkvæmdir sem verið hafa hjá fyrirtækinu undanfarið ár.

Tryggvi Þór Haraldsson, rafmagnsveitustjóri, flutti

skýrslu um starfsemi liðins árs og fjallaði um skipulagsmál og framtíðarsýn fyrirtækisins. Hann rakti þær breytingar sem orðið hafa með nýjum raforkulögum og áhrif þeirra á starfsemi RARIK. Hann lagði einkum áherslu á miklar breytingar á raforkuviðskiptum, góða afkomu fyrirtækisins 2005 og samkeppnisstöðu RARIK. Þá ræddi hann um stækkun Lagarfossvirkjunar, stofnun orkusölufyrirtækis og sölu mannvirkja RARIK til Landsnets.

Afkomu RARIK á árinu 2005 var óvenju góð, en hagnaður reyndist um 1,6 miljarður króna sem skýrist að mestu af söluhagnaði vegna flutningsvirkja sem lögð voru inn í Landsnet hf. Annars gekk reksturinn mjög vel á árinu. Þá fjallaði Tryggvi í lokin um sögu Rafmagnsveitna ríkisins í 60 ár, en á vordögum voru 60 ár liðin frá lagasetningu um Rafmagnsveiturnar, en jafnframt voru samþykkt 3. apríl 2006, lög um hlutafélagið RARIK sem tók til starfa á árinu.

Að lokum hélt Páll Brynjarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð, áhugavert erindi sem hann nefndi „Borgarfjörður blómstrar“.



HLUTAFÉLAG

Alþingi samþykkti á vordögum að stofnað skyldi hlutafélag sem tæki yfir rekstur Rafmagnsveitna ríkisins en starfsemi þeirra var upphaflega komið á fót með raforkulögum árið 1946. Hlutafélagið RARIK ohf var stofnað 12. júlí sl. og þriðjudaginn 1. ágúst tók hið nýja hlutafélag við allri starfsemi og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Á stofnfundi hlutafélagsins voru kjörin sem aðalmenn í stjórn: Berglind Hallgrímsdóttir, Elín R. Líndal, Hilmar Gunnlaugsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir og Sveinn Þórarinsson, en tvö hin síðastnefndu voru í fráfarandi stjórn Rafmagnsveitnanna.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar RARIK ohf skipti stjórnin með sér verkum og var Sveinn Þórarinsson

valinn formaður stjórnar, Hilmar Gunnlaugsson varaformaður og Ingibjörg Sigmundsdóttir ritari.

Stjórnin réði Tryggva Þór Haraldsson í stöðu forstjóra RARIK ohf, en Tryggvi Þór var settur rafmagnsveitustjóri undanfarin misseri.

FJÁRMÁL

Rekstri Rafmagnsveitna ríkisins lauk þann 31. júlí 2006 og RARIK ohf tók við öllum eignum og skuldbindingum Rafmagnsveitnanna þann 1. ágúst. Starfsemin gekk vel á árinu 2006 hjá báðum fyrirtækjunum en mikil vinna var innt af hendi vegna breytinga á rekstrarforminu. Miklar fjárfestingar vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar og sú staðreynd að ekki voru tekin langtímalán á árinu, höfðu neikvæð áhrif á veltufjárlutfallið.

Fyrsti ársreikningur RARIK ohf, sem gildir fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 2006, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningskilum.

Rekstrartekjur RARIK ohf frá 1. ágúst til ársloka 2006 námu 2.838 mkr. Tap RARIK ohf á tímabilinu nam 381 mkr. Þar af var gjaldfærð lífeyrisskuldbinding vegna breytinga á forsendum uppgjörs við Lífeyris-sjóð opinberra starfsmanna 525 mkr. Samkvæmt efna-hagsreikningi 31. desember 2006 námu heildareignir 23.039 mkr. Heildarskuldir voru 8.855 milljónir og eigið fé 14.184 mkr. Eiginfjárlutfall var 62 % í árslok 2006.

Afkoman var samtals nokkuð góð en hagnaður ársins hjá Rafmagnsveitunum nam 1.168 mkr. Hagnaðurinn skýrist af reiknaðri tekjuskattsinnægn skv. lögum nr. 50 frá 2005, samtals 1.451 mkr. Tap RARIK ohf á árinu 2006 nam 381 mkr. eins og áður sagði.

Samtala afkomu beggja fyrirtækjanna er hagnaður að upphæð 787 mkr.

DÓTTURFÉLÖG

RARIK ohf á stóran hlut í tveimur hlutafélögum, sem stundað hafa undirbúning virkjanaframkvæmda undanfarin sjö ár.

Eignarhlutur í Héraðsvötnum ehf er 50% (30 mkr.), en Norðlensk orka ehf á 50%. Endurskoðunarskrifstofa KPMG er endurskoðandi Héraðsvatna ehf. Eignarhlutur í Sunnlenskri orku er 90% (72 mkr.), en Eignarhaldsfélag Hveragerðis og Ölfuss á 10%. Endurskoðunarskrifstofa Deloitte&Touche er endurskoðandi Sunnlenskrar orku ehf. Eignarhlutur RARIK í öðrum félögum er samtals rúmar 1.362 mkr. Þar af er hlutur í Landsneti hf 1.329 mkr. sem er 24,15% eignarhlutur.



ORKUFLÆÐI Í DREIFIKERFI RARIK 2006

Innmötun		GWh
Landsnet		924
- þar af ótryggð orka	166	
Virkjanir og varmafl		111
- þar af virkjanir RARIK	79	
Samtals innmötun		1.035
Úttekt		GWh
RARIK		985
Dreifikerfi	962	
Stofnkerfi	23	
Töp í dreifikerfi		50
Samtals úttekt		1.035

SAMEININGARMÁL

Töluverðar umræður urðu á Alþingi og í fjölmiðlum um fyrirhugaða sameiningu RARIK, Orkubús Vestfjarða (OV) og Landsvirkjunar (LV), en eins og kunnugt er hafa stjórnvöld stefnt að sameiningu þessara fyrirtækja í eina samstæðu frá því í febrúar 2005.

Fyrirtækjunum var falið að undirbúa sameininguna en síðla árs lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til breytinga á lögum um LV og annað frumvarp um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, þar á meðal á lögum um RARIK. Þar var gert ráð fyrir að eignahlutur í fyrirtækjunum þremur færi frá iðnaðarráðuneyti til fjármálaráðuneytis, en RARIK og OV yrðu síðan sett inn í LV sem dótturfélög.

Ekki varð úr þessum áformum á þinginu að þessu sinni, en eignarhald á RARIK fluttist frá iðnaðarráðuneyti til Fjármálaráðuneytis í árslok.

MARKAÐSVÆÐING RAFORKUSÖLU

Frá ársbyrjun 2005 gátu raforkunotendur, sem nota 100 kW afl eða meira, valið sér raforkusala. Í ársbyrjun 2006 stóð til að allir raforkunotendur gætu valið sér raforkusala og að samkeppni væri þar með að fullu komið á. Ekki tókst að koma þessu á um áramótin af tæknilegum ástæðum, enda verkefnið býsna flókið og margþætt. Reyndin varð sú að tæknilega umhverfið var tilbúið í apríl og fyrstu skipti á orkusöluáðila í þessum seinni áfanga markaðsvæðingarinnar tóku gildi 1. júní.

Tíminn einn getur leitt í ljós hvort tekst að koma á samkeppni í þessum geira sem skili markverðum ávinningi fyrir almenning. RARIK vinnur heils hugar að því að svo megi verða en fyrir utan það að almenningur og orkufyrirtækin þurfa að aðlagast breyttri skipan

þurfa lög og reglugerðir að vinna með breytingunum og ekki síður skipulag hins opinbera hluta geirans.

Lög um virðisaukaskatt, þar sem rafmagn ber mismunandi skatt eftir því í hvað það er notað, hafa lengi valdið verulegum erfiðleikum í framkvæmd og óhjákvæmilegum aukakostnaði. Nú bætist við að lög-in virka beinlínis samkeppnishamlandi vegna þess að þau flækja sölustarfsemina til muna. Breytingar á þessum lögum eru nauðsynlegar.

ORKUSALA OG DREIFING

Á árinu 2005 urðu grundvallarbreytingar á raforkuviðskiptum með gildistöku nýrra raforkulaga. Innkaup og sala raforku varð starfsemi á samkeppnismarkaði, en flutningur og dreifing raforku starfsemi á einkaleyfismarkaði.

Ekki urðu breytingar á fyrirkomulagi í orkuinnkaupum eða í flutnings- og dreifipjónustunni á árinu 2006 og má segja að fyrirkomulag þessara mála sé að falla í fastar skorður. Raforkuinnkaup eru að meginhluta bundin samningum til langs tíma. Daglega er orka pöntuð samkvæmt áætlun og frávik pantana og raunnotkunar síðan gerð upp með svokölluðu jöfnunarorkuuppgjöri.

ORKUNOTKUN 2006

eftir staðsetningu

	GWh	%
Vesturland	165	17%
Norðurland	242	25%
Austurland	370	38%
Suðurland	208	21%
Samtals	985	100%
Þéttbýli	588	60%
Strjálbýli	397	40%
Samtals	985	100%

ORKUNOTKUN 2006

eftir notkunarflokkum

	GWh	%
Heimili	254	26%
Iðnaður	294	30%
Landbúnaður	190	19%
Þjónusta	137	14%
Veitur	71	7%
Annað	38	4%
Samtals	985	100%

Gjaldskrár fyrir dreifingu í þéttbýli og dreifbýli hækkuðu um 5% 1. maí. Dreifbýlisframlag ríkisins lækkaði hins vegar úr 63 aurum í 56 auru á kWh sem olli því að dreifbýlisgjaldskráin hækkaði til viðbótar sem því nam. Hækkun dreifbýlisgjaldskrárinnar var því um 5-12%, misjafnt eftir gjaldskrárlíðum, en í flestum tilvikum var hækkunin nærri 8%. Þak á niðurgreiðslum ríkisins var ennfremur hækkað úr 35.000 kWh/ári í 40.000 kWh/ári þann 1. janúar 2006.

Starfsemi nýs dótturfyrirtækis RARIK, Orkusölu ehf, hófst á árinu en sölustarfsemi raforku flyst formlega yfir í það fyrirtæki á árinu 2007.

Opinber gjaldskrá í orkusölu lækkaði úr 3,35 í 3,25 kr/kWh í ársbyrjun og hélst óbreytt allt árið. Auk þess var 4000 kr fastagjald fellt niður. Önnur sala en samkvæmt gjaldskrá fer eftir sérstökum samningum við hvern einstakan viðskiptavin.

JARÐSTRENGIR Í STAÐ LOFTLÍNA

RARIK hefur á undanförunum árum gert mikið átak í að fjarlægja loftlínur og leggja jarðstrengi í staðinn. Veðurofsi, ísing og snjóflóð hafa reynst raflinum á vissum stöðum erfið og slíkir staðir hafa gengið fyrir við breytinguna. Ennfremur fylgir endurnýjuninni sá kostur að jarðstrengirnir eru þrífasa og koma gjarnan í stað einfasa loftlína. Árið 2006 var engin undantekning, mestur hluti af nýjum háspennulögnum var í formi jarðstrengja, um 260 km, og loftlínur viku í sumum tilfellum.

Á síðasta ári var ráðist í einn lengsta samfellda kaflann í strengvæðingunni í Örafum. Síðustu ár hefur ferðaþjónusta og tengdar greinar vestan Hornafjarðar vaxið verulega í Suðursveit og Örafum.

DREIFIKERFI 2006

Fjöldi heimtauga

	2005	2006
Vesturland	5.643	5980
Norðurland	8.101	8269
Austurland	5.206	5394
Suðurland	8.060	8720
Samtals	27.010	28.363

DREIFIKERFI 2006

Háspennukerfi í km

	2005	2006
Vesturland	1.975	1984
Norðurland	2.835	2865
Austurland	1.659	1767
Suðurland	2.348	2377
Samtals	8.817	8.993



Með ferðapjónustunni hefur rafmagnsnotkun aukist og þar með álag á einfasa háspennulínu sem þjónaði svæðinu, svo til vandræða horfði. Til að leysa vandann var ákveðið að láta loftlínu víkja fyrir þriggja-fasa jarðstreng, sem gerði hvort tveggja í senn, að leysa álagsvandamálið og færa svæðinu þriggja-fasa rafmagn.

Strengurinn var lagður frá enda þriggja fasa línu við Reynivelli alla leið vestur í Skaftafell eða samtals 72 km. Í leiðinni voru allar álmur á þessu svæði út í Ingólfshöfða að Háöxl og við Hof einnig strengvæddar, alls um 12 km. Þetta breytir ásýnd svæðisins vestan Reynivalla og í Öræfum. Samfara strenglögningin verður skipt um spennistöðvar á öllum sveitabæjum.

Öll jarðvinna var boðin út í verkinu en Verkfræðistofa Austurlands annaðist gerð útboðsgagna. Ingileifur Jónsson ehf var lægstbjóðandi og annaðist verkið. Starfsmenn RARIK Austurlandi sáu um tengingar á strengnum, uppsetningu á spennistöðvum og verkefirlit.

Á strengleiðinni eru 12 stórar og vatnsmiklar jökulár. Snemma vetrar þegar vatn var sem minnst í þessum ám voru lögð rör djúpt undir botninn sem strengurinn var síðan dregin í. Yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi voru rörin hinsvegar fest í brúna.

Snjóflóð valda stundum miklu tjóni á raflinum. Á Tröllaskaga, milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar hafa snjóflóð margsinnis skemmt raflínuna um Drangaskarð. Hér er um að ræða mikilvæga stofnlínu sem er gerð fyrir 66 þúsund volta spennu.

Þegar ljóst var, eftir margskonar úrbætur, að ekki yrði lengur við unað, var ákveðið að leggja jarðstreng, a.m.k. hluta leiðarinnar. Síðasta snjóflóð sem féll á

Ólafsfjarðarlína hefur lokið hlutverki sínu



Úr Öræfum

línuna, féll báðum megin við skarðið og var því ljóst að línan yrði að víkja alveg. Þá var leitað til Vegagerðar ríkisins um leyfi fyrir lagningu strengs í gegnum Ólafsfjarðargöngin. Þetta leyfi var veitt ásamt því að strengurinn fengi að liggja meðfram veginum frá Dalvík að gangamunna. Þessi nýja lagnaleið er lengri en núverandi lína, en hinsvegar var talið mjög dýrt að leggja streng yfir Drangaskarð. Kannaður var sá möguleiki að bora í gegnum skarðið en það reyndist óraunhæft.

Veturinn 2005 var svo ráðist í að grafa strenginn niður í vegkanti jarðganganna. Þetta verk var unnið að næturlagi samhliða lokun vegna annarra viðgerða Vegagerðar. Þessi þáttur verksins tókst vonum framár. Þetta var unnið af starfsmönnum RARIK, Vélaleigu Halldórs Baldurssonar og Smára ehf á Ólafsfirði.

Vorið 2005 var svo boðin út lögning strengsins, utan jarðganga, frá Dalvík að Ólafsfirði. Samið var við Dalverk frá Dalvík. Vegna óvæntra aðstæðna svo sem mikils jarðvatns og annarra tafa reyndist ekki unnt að tengja strenginn fyrir en um haustið 2006. Enn er eftir jarðvegsfrágangur sem lokið verður í sumar.

Með þessari tengingu má telja fullvíst að afhendingaröryggi á Ólafsfirði og nágrenni hafi stóruaukist. Með fyrirhugaðri tengingu í gegnum Héðinsfjarðargöng eykst einnig öryggi í raforkuflutningi til Siglufjarðar.

Rétt er að nefna þá hættu sem starfsmenn RARIK og verktakar voru í þegar unnið var á snjóflóðasvæði við línuviðgerðir. Starfsmönnum RARIK var verulega brugðið eitt sinn þegar þeir sáu að á þeim stað sem þeir voru vanir að stoppa við tjónaskoðun, og töldu sig örugga, reyndist þykktin á snjóflóði vera 10 m.

SÆSTRENGUR

Nýr sæstrengur var lagður til Hríseyjar á árinu. Gamli sæstrengurinn sem þjónað hefur eyjarskeggjum undanfarna áratugi var lagður árið 1956 og liggur frá Árskógssandi að suðausturhluta eyjarinnar. Fyrir nokkru gerðu menn sér grein fyrir að styttest færi í að hann gæfi sig. Ákveðið var að leita að hentugri leið fyrir nýjan og öflugri sæstreng milli Dalvíkur og Hríseyjar, og var gert ráð fyrir liðlega 6 km leið upp á Böggvisstaðasand við Dalvík. Þann 22. maí s.l. varð bilun á einum fasa Hríseyjarstrengsins og fannst hún um 550 metra frá landi. Kom þá í ljós að viðgerð var óhugsandi. Þegar var hafist handa við að afla tilboða í nýjan streng. Með ákveðnum aðgerðum var hægt að nota gamla strenginn um hríð, en síðan þurfti að nota varafli í Hrísey.

Svo vel tókst til að sæstrengur fékkst með litlum fyrirvara og gerði norska fyrirtækið *Seløy Undervannservice as* hagstætt tilboð í lagninguna.

Áður en strenglögning hófst kom í ljós að talsvert stórt svæði við áætlað landtak á Böggvisstaðasandi var harður botn með miklu af lausu stórgrýti. Í ljósi þeirra upplýsinga var ákveðið að hnika til áætlaðri strenglögning og koma að landi austur undir Hálshöfða. Stytti það sæstrenglögningina um einn kílómetra.

Þar sem strandsiglingar hafa að mestu lagst af þurfti að fara landleið frá Reykjavík með strenginn. Strengkeflið vó 65 tonn og samanlagt vógu bíll og kefli um 100 tonn. Á hæðina var keflið um 5 metrar og 3 metrar á breidd. Þurfti sérstakt leyfi til flutnings á keflinu norður á Akureyri. Kapalskipið kom til Akureyrar að kvöldi sunnudagsins 23. júlí.

Daginn eftir að lagningu sæstrengsins lauk, fimmtudaginn 27. júlí, var jarðstrengur plægður niður frá aðveitustöðinni við Dalvík að tengistað sæstrengs við Hálshöfða. Hleypt var á strenginn síðdegis föstudaginn 28. júlí.

Strengkeflið vó 65 tonn enda engin smásmíði eins og sjá má af samanburðinum við manninn við hlið keflisins.



RAFVÆÐING SUMARHÚSA

Á Suður- og Vesturlandi eru flest sumarhús landsmanna staðsett. Fólk velur greinilega hæfilega nálægð við höfuðborgarsvæðið sem og aðstæður sem eru víða vel fallnar til sumarhúsabyggða, vegna litríkrar og fallegar náttúru. Fólk sækir þangað úr ys og þys bæjarlífsins og endurnýjar kraftana í rólegu og afslappandi umhverfi.

Fjöldi sumarhúsa hefur stórukist undanfarin ár og má ætla að nú séu um 6000 sumarhús á Suðurlandi, tæplega 2700 á Vesturlandi og minna í öðrum landshlutum. Fyrir viðkomandi byggðalög hefur þetta góð áhrif á atvinnulífið en einnig hliðaráhrif eins og betri samgöngur.

Rafvæðing sumarhúsa hófst ekki að neinu ráði fyrir en um og upp úr 1980. Aðeins fá þeirra sumarhúsa sem reist höfðu verið fram til þess tíma tengdust strax inn á rafdreifikerfið. Þetta hefur breyst og í dag telst til undantekninga að nýtt sumarhús sé ekki tengt rafmagni strax í upphafi.

Áætlanir gera ráð fyrir að rafvædd verði yfir 500 sumarhús á Suðurlandi árið 2007 og um 300 á Vesturlandi. Greinileg aukning er einnig í öðrum landshlutum.

Notkun sumarhúsa utan sumarleyfistíma hefur aukist töluvert undanfarin ár. Það tekur oft ekki langan tíma að aka í bústaðinn og því æ algengara að farið sé þangað til styttri dvalar t.d. yfir helgi, þó um miðjan vetur sé. Orkuþörfin eykst með nýjum tækjum svo sem rafhituðum pottum sem ryðja sér til rúms. Þá eru sumarhús sífellt að stækka og sum hver fullbúin öllum heimilistækjum. Allt þetta kallar á aukna raforkunotkun.

AÐRAR FRAMKVÆMDIR

Af öðrum framkvæmdum má nefna að lokið var við 70 mkr. framkvæmd í aðveitustöðinni á Brennimmel í Hvalfirði, þar sem settur var nýr 66/11 kV spennir, en vinna við uppsetningu spennis og 66 kV rofa hófst í apríl 2006. Við þennan áfanga er gert ráð fyrir að spenna notenda á svæðinu sunnan Skarðsheiðar, í Hvalfirði og Kjósarhreppi verði stöðugri, en gætt hafði spennutruflana vegna áhrifa frá stóriðju á kerfi RARIK í einstökum tilvikum.

Stærsti hluti nýrra heimtauga 2006 var vegna sumarhúsa eins og undanfarin ár, en auk þess var unnið að uppsetningu götuljósa og almennum lagfæringum á dreifikerfinu í því skyni að auka öryggi og tryggja meiri gæði.

TRUFLANIR

Eins og flestir vita, gerast óvæntar rafmagnstruflanir æ sjaldgæfari með árunum í takt við endurbætur á raforkukerfinu. Það má flokka rafmagnstruflanir



Með tilkomu nýs 66 kV spennis í aðveitustöðinni að Brennimmel er gert ráð fyrir að spenna notenda á svæðinu sunnan Skarðsheiðar, í Hvalfirði og Kjósarhreppi verði stöðugri

í þrennt, truflanir með fyrirvara sem eru vegna straumrofs sem grípa þarf til vegna vinnu við kerfið, fyrirvaralausar truflanir sem verða vegna skemmda af völdum t.d. vinnuvéla og í þriðja lagi truflanir vegna veðurfars og annarra náttúrlegra aðstæðna.

Síðasti þátturinn er sá þáttur þar sem mest hefur áunnist með endurbættu rafdreifikerfi. Hinir fyrri tveir haldast oft í hendur með atvinnulífinu, en með auknum framkvæmdum aukast líkur á straumrofi vegna vinnu við veitukerfið og einnig vegna skemmda af völdum vinnuvéla.

Heildarfjöldi skráðra rekstrartruflana í kerfi RARIK var á síðasta ári 1.228, þar af 544 vegna vinnu við dreifikerfið og er fjöldi truflana með minnsta móti frá því reglubundin skráning hófst.

RAFORKUFRAMLEIÐSLA

Raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana var með minnsta móti, eða um 116 GWh sem er 6% minna en 2005 og munar þar mest um stöðvun Lagarfossvirkjunar í nokkra mánuði. Viðbótarframleiðsla hins nýja hluta Lagarfossvirkjunar er áætluð um 130 GWh á ári og við það tvöfaldast raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana RARIK.

Framleiðsla með dísilvélum jókst hinsvegar nokkuð og má þar nefna tímabundna aukningu sem varð vegna bilunar sæstrengs til Hríseyjar.

Eins og fram hefur komið er unnið að stækkun Lagarfossvirkjunar, en virkjunin var stöðvuð frá 29. maí til 24. október 2006 og unnið að endurnýjun á raf- og stjórnbúnaði og öðru í því skyni að samræma búnað við nýja samstæðu sem nú er í byggingu og væntanlega kemur inn í rekstur á miðju ári 2007. Unnið var að því að koma upp DMM viðhalds- og skráningarkerfi fyrir Lagarfossvirkjun, Grímsárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun.

ORKUVINNSLA VATNSAFLSSTÖÐVA

	Uppsett afl kW	2005 Orkuvinnsla MWh	2006 Orkuvinnsla MWh	'05 - '06 Aukning vinnslu
Rjúkandavirkjun	840	8.142	8.307	2,0%
Laxárvatnsvirkjun	480	3.103	3.515	13,3%
Gönguskarðsárvirkjun	1.064	8.623	8.433	-2,2%
Skeiðsfossvirkjun	4.800	24.858	27.043	8,8%
Garðsárvirkjun	174	1.308	1.030	-21,3%
Lagarfossvirkjun*	7.500	50.646	35.396	-30,1%
Fjarðarselsvirkjun	160	1.012	990	-2,2%
Grímsárvirkjun	2.800	18.214	21.114	15,9%
Smyrlabjargaárvirkjun	1.000	7.220	10.131	40,3%
Alls	18.818	123.126	115.960	-5,8%

*Vegna framkvæmda lá framleiðsla Lagarfossvirkjunar niðri frá lokum maí fram yfir miðjan október

Í Grímsárvirkjun var stöðvarhúsið hreinsað að utan og gert við steypuskemmdir. Þá var húsið sílanborið og málað auk þess sem allt tréverk hússins var hreinsað og málað.

Útskolun úr lóni virkjunar var gerð í byrjun maí og sá áin sjálf um verkið, ef frá er talin vinna með beltagröfu við hreinsun umhverfis inntaksturninn.

Í Smyrlabjargaárvirkjun (eða Smyrlu) var unnið að frekari endurbótum eftir gagngera upptekt á vélbúnaðinum öllum 2005, m.a. sett upp sjálfvirkt smurkerfi fyrir vélbúnaðinn í stöðinni. Þá var fjarstýribúnaður fyrir virkjunina lagfærður, en henni er hægt að stýra frá stjórnstöð í Kyndistöðinni á Höfn.

Á síðsta ári var endurnýjuð spennapró við Skeiðsfossvirkjun 2 og skipt um spennni.

Klæðning var endurnýjuð á rafstöðinni í Grímsey, en þar er búið að endurnýja vélar nýlega. Þá var komið upp búnaði til fjarræsingar og sjálfvirkni við dísilstöðina á Klaustri.

Smyrlabjargaárvirkjun



HITAVEITUR

Í athugun er að leggja hitaveitulögn frá Blönduósi til Skagastrandar. Fyrir liggur viljayfirlýsing viðkomandi aðila um það. Heita vatnið yrði flutt 14 km leið frá Reykjum til Blönduóss og þaðan um 19 km til Skagastrandar. Haustið 2006 hófst leit að heitu vatni fyrir slíka aukningu að Reykjum í Húnavatnshreppi og lofar hún góðu. Að Reykjum er virkjunarsvæði hitaveitu Blönduóss. Á næstunni þarf að endurnýja aðflutningsæðina frá Reykum til Blönduóss og verður þá tekið tillit til þess hvort æðin verður einnig notuð fyrir Skagaströnd.

RARIK tekur þátt í jarðhitaleit á Austurlandi við Djúpavog, Fáskrúðsfjörð og Hoffell við Höfn í Hornafirði. Miklar vonir eru bundnar við jarðhitaleit á þessum stöðum en niðurstöður um árangur liggja ekki fyrir.

RARIK er einnig þátttakandi í jarðhitaleit í Grímsey og við Snæfellsbæ. Í Dalabyggð er að verða skortur

ORKUVINNSLA DÍSILSTÖÐVA

	Uppsett afl kW	2005 Orkuvinnsla MWh	2006 Orkuvinnsla MWh	2005-2006 Aukning vinnslu
Vesturland	6.318	220	59	-73,2%
Norðurland vestra	4.510	19	39	102,9%
Norðurland eystra*	6.226	939	1.351	43,9%
Austurland	17.284	269	169	-37,2%
Suðurland	2.362	39	44	13,1%
Alls	36.700	1.486	1.663	11,9%

Dagleg framleiðsla er í Grímsey, Grímstöðum og Möðrudal. Aðrar vélar eru sem varaafli. Orkuvinnsla í Möðrudal og Grímstöðum er að hluta áætluð. *Mikil aukning varð á framleiðslu í Hrísey vegna bilunar í sæstreng

á heitu vatni og er þegar ákveðið að bora eftir meira vatni í Reykjadal sem er virkjunarsvæði hitaveitunnar.

ÖRYGGI OG GÆÐI

Handbók RARIK heldur utan um verkferli og verk-lagsreglur fyrirtækisins. Samkvæmt raforkulögum og nýlegri reglugerð um raforkugæði er dreifiveitum nú skylt að skrá allar kvartanir sem berast frá viðskipta-vinum um vandamál vegna spennu og truflunar-tíðni og að halda utan um afgangi þeirra með skipulögðum hætti. Á árinu 2006 var unnið að því að skilgreina verkferli og þróa upplýsingakerfi til þess að taka við, skrá og vinna úr slíkum kvörtunum.

Á árinu var jafnframt unnið að viðhaldsúttekt á öryggisstjórnunarkerfi RARIK, auk reglubundinna úttekta á nýjum og breyttum virkjum og virkjum í rekstri. Niðurstöður slíkra úttekta eru svo kynntar starfsmönnum á sérstökum fundum og er vert að geta þess að á árinu 2006 var haldið námskeið fyrir alla starfsmenn vinnuflokka RARIK þar sem m.a. var farið yfir helstu frávik í úttektum.

ÚTRÁS

RARIK hefur á undanförunum sex áratugum verið í fararbroddi við að byggja upp raforkukerfi Íslands og vill nú skapa íslenskri tækni og þekkingu á raf-orkukerfum og vistvænum orkumálum brautargengi

erlendis. Vill fyrirtækið vinna að þessu markmiði með því að taka þátt í verkefnum og fjárfesta í orkukerfum og virkjunum erlendis og stuðla þannig að útflutningi þekkingar á raforkumálum og nýtingu umhverfis-vænna orkulinda.

Á árinu 2006 vann RARIK með franska fyrirtækinu Clemessy að undirbúningi að uppbyggingu á raf-orkukerfi í Burkina Faso. Þá hafa fjárfestingakostir og önnur verkefni verið athuguð, en ýmis fyrirtæki hafa verið að leita eftir samstarfi við RARIK á þessum vettvangi. Í þessu skyni er í undirbúningi að stofna sérstakt hlutafélag sem annast mun verkefni og fjár-feringar RARIK á erlendri grundu.

HITAVEITUR 2006

Orkunotkun	Vatnsmagn	Hiti	Orka
	m ³	°C	MWh
Dalabyggð	270.414	62	10.064
Siglufljörður	628.423	66	26.311
Blönduós	751.971	59	25.362
R/O- veitur	766.316	77	32.534
	2.417.124		94.270

Orka er áætluð miðað við 30°C meðal-bakrásarhita í jarðhita, en 40°C hjá R/O veitum. Hitastig í töflunni sýnir meðalhita við húsvegg. (Hitafalli í kaloríum umbreytt í orku). Í R/O veitum er orka mæld að mestu.

KYNDISTÖÐVAR RARIK

	2004	2005	2006	'05 - '06
Raforkunotkun	Uppsett afl	Orkuvinnsla	Orkuvinnsla	Orku- vinnsla
R/O veitna	kW	MWh	MWh	MWh
Seyðisfljörður	5.000	14.429	13.822	-2,0%
Höfn	6.000	22.989	24.734	-6,2%
Samtals		37.418	38.556	-4,7%



UPPLÝSINGAKERFI

Í ársbyrjun var viðskiptalausnin Microsoft Dynamics Ax tekin í notkun eftir ítarlegan undirbúning. Lausnin inniheldur fjárhags- og verkbókhald, innkaupa- og birgðakerfi, áætlanakerfi og launa- og mannauðskerfi. Nokkrar aðlaganir hefur þurft að gera, en í meginatriðum er stuðst við hina stöðluðu lausn. Netorka hf tók á vordögum 2006 í notkun upplýsingakerfi sem mun gera upp orkunotkun milli seljenda og kaupenda og halda utan um breytingar á viðskiptum. Netorka er mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki sem annast formleg skipti frá einum raforkusala til annars. Á árinu 2006 skiptu 940 aðilar um sölufyrirtæki sem er hlutfallslega minna en í öðrum löndum þar sem raforkumarkaðurinn hefur verið gefinn frjáls. RARIK á 16% í Netorku.

Unnið var að frekari þróun á innranetskerfi RARIK sem upplýsingamiðstöðvar fyrir ýmsa þætti starfseminnar og á heimasíðu voru meðal annars settar tengingar inn á viðskiptagrunn þar sem orkukaupendur geta skoðað upplýsingar um viðskipti sín. Þá var unnið að uppsetningu á heimasíðu fyrir Orkusöluna ehf.

FÉLAGS OG STARFSMANNAMÁL

Hjá RARIK starfar stór hópur starfsmanna sem er með margra áratuga starfsreynslu. Það kemur fyrirtækinu til góða því mikil og góð starfsreynsla ásamt góðri menntun eru lykilþættir í velgengi RARIK undanfarin 60 ár. Félagslíf er enda með miklum blóma

og starfsmannafélagið RAF á nokkra sumarþustaði víða um land og hefur auk þess samvinnu við starfsmenn hjá Orkubúi Vestfjarða um nýtingu sumarhúsa beggja aðila.

Glæsileg sameiginleg árshátíð allra starfsmanna var haldin á Broadway í lok apríl.

Nokkur hreyfing varð á starfsmönnum vegna möguleika á biðlaunum sem opnaðist við breytingu RARIK í hlutafélag um mitt árið, en þó minni en búast mátti við. Starfsmenn voru 215 í árslok og skráð stöðugildi 212 eða sem svarar fækkun um eitt stöðugildi.

STARFSMENN 2005

Ársverk og fjöldi í árslok

	2005	2006
Starfsmenn í árslok	216	215
<i>Skrifstofa forstjóra og stoðsvið</i>	61	61
<i>Orkuvinnslu og sölusvið</i>	13	16
<i>Veitusvið</i>	46	45
<i>Rekstrar og þjónustusvið</i>	96	93
Stöðugildi	213	212
Ársverk	217	217

LAGARFOSSVIRKJUN

Vorið 2005 var hafist handa við stækkun Lagarfossvirkjunar um allt að 20 MW með um 130 GWh orkuaukningu á ári. Véla- og rafbúnaður var boðinn út og var ákveðið að ganga til samninga við Litostroj frá Slóveníu um kaup á hverfli og gangráði og Koncar frá Króatíu um kaup á rafala og segulmögnunarbúnaði. Samið var við Íslenska aðalverktaka hf. (ÍAV) um byggingarframkvæmdir eftir útboð. Tilboð reyndust undir kostnaðaráætlun.

Vegna framkvæmdanna þurfti að stöðva vélbúnað eldri hluta virkjunarinnar um tíma í fyrrasumar, en hann var endurræstur í október með nýjum stýri- og varnarbúnaði, samskonar og verður í nýja hlutanum. Eldri hlutinn er um 8 MW. Ákveðið var taka í gegn yfirfallslokur fyrir flóðgáttum.

Búið er að breikka aðrennslisskurðinn að virkjuninni sem var nauðsynlegt vegna þess að til viðbótar við þá 60 rúmmetra vatns á sekúndu sem fóru í gegnum gömlu vélina, þá fara í gegnum nýja vél 125 rúmmetrar á sekúndu að auki, þannig að vatnsmagnnið þrefaldast. Ákveðið var ennfremur taka í gegn yfirfallslokur fyrir flóðgáttum.

Nú er búið að koma fyrir stærstu hlutum vélbúnaðar. Vatnshjólið er engin smásmíði, næstum 5 metrar í þvermál, en túrbínan er af *Kaplan* gerð, framleidd af Litostroj í Slóveníu. Rafali, stjórn- og varnar-



Rótor rafalans vegur 105 tonn

búnaður er hinsvegar frá Koncar í Króatíu. Rótor rafalans er þyngsta einstaka stykkið í virkjuninni, vegur 105 tonn og var flutt frá höfninni í Reyðarfirði og upp í Lagarfossvirkjun. Flutningurinn gekk vel miðað við vetraraðstæður, en flutningurinn með flutningatækjunum var um 150 tonn að þyngd og vegir ekki í besta ástandi.

Gert er ráð fyrir að prófanir á vélum fari fram í apríl og maí og virkjunin komist öll í gagnið í lok maí 2007 og frágangi ljúki síðar á árinu. Heildarkostnaður við framkvæmdir er um 3 milljarðar og stefnir í að kostnaðaráætlun standist nokkuð vel. Reiknað er með um 20 MW afli frá nýja hlutanum, og að afköst virkjunarinnar aukist 3-4 falt við þessa stækkun.



RARIK ohf.
Ársreikningur
ágúst til desember 2006

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	21
Áritun endurskoðenda	22
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	24
Sjóðstreymi	26
Skýringar	27-31

Staðfesting ársreiknings


Rafmagnsveitur ríkisins hættu starfsemi 31. júlí 2006. RARIK ohf. hóf starfsemi þann 1. ágúst 2006 og starfaði hlutafélagið því í fimm mánuði á árinu. Ársreikningurinn 1. ágúst til 31. desember 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur RARIK ohf. 2.837 mkr. Tap ársins var 381 mkr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir RARIK ohf. 23.039 mkr. í árslok. Eigið fé í árslok nam 14.184 mkr. Eiginfjárhlutfall er 61,6%.

Stjórn RARIK ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning RARIK ohf. fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2007

Í stjórn RARIK ohf.


Sveinn Þórarinnsson,
formaður.


Berglind Hallgrímsdóttir.


Elín R. Línal.


Hilmar Gunnlaugsson.


Ingibjörg Sigmundsdóttir.


Tryggvi Þór Haraldsson.
Forstjóri

Til stjórnar RARIK ohf.

Við höfum endurskoðað ársreikning RARIK ohf. 1/8 - 31/12 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 21. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum RARIK ohf. og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu RARIK ohf. frá 1. ágúst til 31. desember 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu í samræmi við lög reglur og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 30. mars 2007



Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ágúst til desember 2006

	Skýr.	2006
Rekstrartekjur		1/8-31/12
Raforkusala		1.108.047
Dreifing raforku		1.215.535
Sala á heitu vatni		102.428
Aðrar rekstrartekjur		411.517
Rekstrartekjur		<u>2.837.527</u>
 Rekstrargjöld		
Orkukaup		1.195.041
Rekstur veitukerfa		1.224.294
Annar rekstrarkostnaður		587.224
Rekstrargjöld		<u>3.006.559</u>
 Rekstrartap fyrir afskriftir		(169.032)
Afskriftir	6,15	<u>345.921</u>
 Rekstrartap án fjármagnsgjalda		(514.953)
Hrein fjármagnsgjöld	13	<u>(9.732)</u>
Tap fyrir skatta		(524.685)
Tekjuskattur	10,17	<u>143.606</u>
Tap ársins		<u><u>(381.079)</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2006	01.08.2006
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Virkjanir		3.492.018	2.405.100
Dísilstöðvar		249.680	229.500
Fjarvarmaveitur		60.811	62.100
Aðalorkuveitur		2.177.531	2.259.100
Dreifiveitur		11.132.193	10.697.200
		<u>13.620.215</u>	<u>13.247.900</u>
Aðrir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		925.115	773.600
Áhöld og tæki		70.702	82.000
Bifreiðar og vinnuvélar		150.353	155.723
		<u>1.146.170</u>	<u>1.011.323</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	<u>18.258.401</u>	<u>16.664.323</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum	16	1.433.966	1.434.072
Skatteign	17	1.569.730	1.426.124
Fastafjármunir		<u>21.262.097</u>	<u>19.524.519</u>
Veltufjármunir			
Birgðir			
Efnis- og rekstrarvörubirgðir	7	466.858	517.786
Skammtímakröfur			
Orkukaupendur		678.766	590.349
Aðrar skammtímakröfur		553.233	741.611
		<u>1.231.999</u>	<u>1.331.960</u>
Handbært fé	8	78.339	95.073
Veltufjármunir		<u>1.777.196</u>	<u>1.944.819</u>
Eignir alls		<u>23.039.293</u>	<u>21.469.338</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	31.12.2006	01.08.2006
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		9.565.330	9.565.330
Óráðstafað eigið fé		(381.079)	0
Eigið fé	18	<u>14.184.251</u>	<u>14.565.330</u>
Skuldir			
Langtímalán			
Skuldabréfalán	19	4.109.154	4.333.388
Skuldbindingar	20	511.000	511.000
Langtímaskuldir		<u>4.620.154</u>	<u>4.844.388</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnanir		2.200.000	753.195
Viðskiptaskuldir		1.107.175	840.298
Áfallin lífeyrisskuldbinding	12,21	525.164	
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	307.974	160.349
Aðrar skammtímaskuldir		94.575	305.778
Skammtímaskuldir		<u>4.234.888</u>	<u>2.059.620</u>
Skuldir		<u>8.855.042</u>	<u>6.393.008</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>23.039.293</u>	<u>21.469.338</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýr. 1/8-31/12 2006

Rekstrarhreyfingar

Tap ársins		(381.079)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir og gjaldfærsla óefnislegra eigna	14	345.921
Verðb. og gengism. af langt.skuldum og -kröfum		53.454
Skatteign hækkun		(143.606)
Sölutap eigna		792
	Veltufé frá rekstri	(124.518)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		1.078.533
	Handbært fé frá rekstri	954.015

Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:

Virkjanir		(1.122.137)
Aðalorkuveitur		(14.276)
Dreifiveitur		(783.190)
Fasteignir og lóðir		(6.626)
Áhöld, bifreiðar og vinnuvélar		(17.159)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		2.597
Eignarhlutir		105
	Fjárfestingahreyfingar	(1.940.686)

Fjármögnunarhreyfingar:

Bankalán		1.100.000
Greiddar afborganir langtímalána		(130.063)
	Fjármögnunarhreyfingar	969.937

Breyting á handbæru fé (16.734)

Handbært fé 1. ágúst 95.073

Handbært fé í lok ársins 78.339

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningur RARIK ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar, verðtrygging

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2007.

Skammtímakröfur

3. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftasjóður til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Áhættufé í öðrum félögum

5. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði. Myndaður er afskriftasjóður vegna áhættufjármuna og er hann dreginn frá eignfærðum áhættufjármunum í efnahagsreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á Lagarfljótsvirkjun í byggingu er eignfærður og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður eru vextir af lánum sem tekin eru vegna framkvæmdanna og falla til að þeim tíma er eignin verður tekin í notkun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 50 ár

Birgðir

7. Efnisbirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Handbært fé

8. Til handbærs fjár teljast óbundnar innistæður á bankareikningum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

9. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Skattskylda Orkufyrirtækja

10. Með lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja er kveðið á um að orkufyrirtæki sem til þessa hafa verið undanþegin tekjuskatti skulu vera skattskyld frá ársbyrjun 2006. Þrátt fyrir að RARIK ohf. hafi ekki verið stofnað fyrr en 1. ágúst 2006 var með lögum nr. 164/2006 ákveðið að hlutafélagið yfirtæki öll skattaleg réttindi og skattalegar skuldbindingar frá upphafi ársins og stofnefnahagsreikningur félagsins sem miðast við 1. ágúst 2006 skuli í skattalegu tilliti miðast við 1. janúar 2006. Samkvæmt lögnum skal endurmeta fyrningar mannvirkja og búnaðar orkufyrirtækja eftir ákveðnum afskriftahlutföllum. Eftir endurmat fyrninga verður skattagrunnur varanlegra rekstrarfjármuna hærri en bókfært verðmæti þeirra sem myndar skatteign. Gerð er grein fyrir skatteign í skýringu 17.

11. Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:	1/8-31/12 2006
Tengigjöld	196.798
Ýmsar rekstrartekjur	214.719
	<u>411.517</u>

Starfsmannamál

12. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	569.254
Launatengd gjöld	116.539
Áunnið orlof, breyting	37.425
	<u>723.218</u>
Lífeyrisskuldbinding	525.164
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.248.382</u>

Starfsmenn RARIK ohf. voru 215 í árslok. Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar námu 25,2 millj. kr., þar af til forstjóra 6,7 millj. kr. og til stjórnar 2,1 millj. kr. Laun stjórnarformanns voru tvöföld laun stjórnarmanna. Lífeyrisskuldbinding er 525,2 millj. kr. í árslok vegna breytinga á forsendum uppgjörs tiltekinna starfsmanna RARIK ohf. við Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

13. Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:	1/8-31/12 2006
Vaxtatekjur og verðbætur	29.995
Vaxtagjöld og verðbætur	(113.393)
Gengismunur	73.666
	<u>(9.732)</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

14. Afskriftasjóður

Afskriftasjóður 1. ágúst 2006	61.000
Afskrifaðar tapaðar kröfur 1/8-31/12	(17.084)
Framlag í afskriftasjóð, gjaldfært 1/8-31/12	17.084
	61.000

15. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, bókfært verð þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Virktanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Stofnefnahagsreikningur 01.08 2006 ...	2.383.399	13.114.252	1.166.672	16.664.323
Viðbót á árinu	1.120.328	799.343	23.718	1.943.389
Selt á árinu			(3.389)	(3.389)
Heildarverð 31.12.2006	3.503.727	13.913.595	1.187.001	18.604.323
Afskrifað á árinu	11.710	293.381	40.831	345.922
Bókfært verð 31.12.2006	3.492.017	13.620.214	1.146.170	18.258.401
Afskriftahlutföll	1,7%	3,3%-6,7%	2-20%	

16. Áhættufé í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhluti	Bókfært verð
Héraðsvötn ehf.	50,0%	30.000
Sunnlensk orka ehf.	90,0%	72.000
Íslensk orka ehf.	2,3%	3.028
Netorka hf.	16,0%	21.676
DMM lausnir ehf.	4,1%	5.500
Sjávarorka ehf.	16,7%	1.000
Fossorka ehf.	20,0%	700
Húnakaup hf.	0,9%	1.095
Landsnet hf.	24,2%	1.328.910
Orkusalan hf.	36,0%	3.600
	Samtals	1.467.509
Afskriftasjóður áhættufjármuna		(33.543)
		1.433.966

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

17. Skatteign.

Reiknuð skatteign nemur 1496,9 millj. kr. í árslok. Breyting á árinu greinist þannig:

Reiknuð skatteign í ársbyrjun	0
Reiknaður tekjuskattur 1/1 - 31/7	1.451.024
Lækkun skatteignar v/stofnefnahagsreiknings	(24.900)
Reiknaður tekjuskattur 1/8 - 31/12	143.606
	1.569.730
Reiknuð skattinneign skiptist þannig á einstaka liði:	
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.239.972
Yfirfæranlegt skattalegt tap	170.658
Aðrir liðir	159.100
	1.569.730

Eigið fé

18. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Yfirverðs reikningur hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé skv stofnefnahagsr. 01.08 2006 ...	5.000.000	9.565.330	0	14.565.330
Hagnaður skv. rekstrarreikningi			(381.079)	(381.079)
Eigið fé 31.12.2006	5.000.000	9.565.330	(381.079)	14.184.251

Langtímaskuldir

19. Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör

	Vextir	Eftirstöðvar
Skuldir í íslenskum krónum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	5%	1.588.599
Skuldabréfaútboð	4%	1.094.573
Samtals		2.683.172
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum		
NIB Lán í Eur	3,58%	657.390
NIB Lán í Eur	3,91%	46.596
NIB Lán í Eur	3,82%	449.815
NIB Lán í USD	5,65%	55.440
NIB Lán í USD	5,79%	129.679
NIB Lán í USD	5,60%	395.036
	Samtals	1.733.956
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir		4.417.128
Næsta árs afborganir		(307.974)

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals 4.109.154

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2006 en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2007	307.974
Afborganir 2008	311.070
Afborganir 2009	314.322
Afborganir 2010	1.404.391
Afborganir 2011	261.419
Síðar	1.817.952
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>4.417.128</u>

Skuldbindingar

20. Samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum sem RARIK ohf. ber að taka upp frá og með 1. janúar 2007 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Mynduð er skuldbinding vegna þessa. Útreikningur á fjárhæð skuldbindingarinnar byggist á núvirðingu á áætluðum niðurrifskostnaði loftlína m.v. forsendur um hlutfall niðurrifskostnaðar af nýbyggingarkostnaði lína og um endingartíma þeirra.

Áfallin lífeyrisskuldbinding

21. Áfallin lífeyrisskuldbinding er hér færð meðal skammtímaskulda en ekki hefur verið samið um greiðslu skuldarinnar.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Rekstrarreikningur Rafmagnsveitna ríkisins janúar til júlí 2006

	2006	2005
	1/1 -31/7	1/1-31/12
Rekstrartekjur		
Raforkusala	1.486.608	
Dreifing raforku	1.795.434	
Sala á heitu vatni	149.314	
Aðrar rekstrartekjur	403.180	
Rekstrartekjur	3.834.536	7.511.265
Rekstrargjöld		
Orkukaup	1.532.189	
Veitusvið	1.318.207	
Annar rekstrarkostnaður	212.808	
Rekstrargjöld	3.063.204	4.828.333
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	771.332	2.682.932
Afskriftir	554.465	929.947
Rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda	216.867	1.752.985
Hrein fjármagnsgjöld	(499.727)	(163.110)
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(282.860)	1.589.875
Tekjuskattur	1.451.024	0
Hagnaður tímabilsins	1.168.164	1.589.875

TIL FRÓÐLEIKS

Hér að ofan er birtur rekstrarreikningur Rafmagnsveitna ríkisins fyrir árið 2006, en tímabilið er frá janúar til loka júlí, en þá tók hlutafélagið RARIK við. Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins í heild sinni fyrir tímabilið janúar-júlí 2006, er aðgengilegur á heimasíðu RARIK, www.rarik.is.

Í töflunni að neðan eru hinsvegar bornar saman helstu rekstrartölur árin 2005 og 2006.

HELSTU TÖLUR ÚR REKSTRARREIKNINGI 2005-2006

Skýring	2006		Allt árið	Allt árið
	1/1 -31/7	1/8-31/12	2006	2005
			1/1-31/12	1/1-31/12
Tekjur af orkusölu	3.431.356	2.426.010	5.857.366	5.831.968
- Aðrar tekjur	403.180	411.517	814.697	1.679.297
Rekstrargjöld	3.028.880	2.481.395	5.544.599	4.828.333
- Lífeyrisskuldbinding	34.324	525.164	559.488	0
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir	771.332	(169.032)	567.976	2.682.932
Rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda	216.867	(514.953)	(298.086)	1.752.985
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(282.860)	(524.685)	(807.545)	1.589.875
Skattar	1.451.024	143.606	1.594.630	0
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.168.164	(381.079)	787.085	1.589.875

THE COMPANY

RARIK was founded in 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main task being to procure, distribute and sell electricity in its operating area and thus promote and create added value to its customers. The Company played the principal role in the electrification of Iceland's rural areas and provided electricity via the grid system to approximately 60 population centres around Iceland. Its distribution network covers about 80-90% of inhabited areas of Iceland and serves approximately 17% of the population. RARIK not only owns a number of hydroelectric power plants but purchases electric energy from other sources as well. In addition, RARIK owns and operates five hot-water supply companies, namely three geothermal hotwater suppliers and two district heating suppliers. The number of RARIK employees at the end of 2006 was 215.

In 2006, a number of significant changes took place in the sale of electric energy following passage of a new Icelandic electric energy act. Amongst other things, these changes meant that all consumers were able to choose a supplier, and thereby competition was initiated in the field of electricity sales in Iceland.

In accordance with the new act, an independent company, Landsnet hf, began operation on the 1st of January 2005. This company was created to organize the transmission of electric power between different parts of Iceland and to its largest population centres. RARIK owns a 24.2% share in Landsnet hf.

These changes were accompanied by the establishment of an energy sales company to begin operation in 2007. The new company, Orkusalan, is 99% owned by RARIK.

Construction work for the expansion by 20 MW of the Lagarfoss Power Plant in East Iceland, which started 2005, continued and is scheduled to be completed in mid 2007.

On the 3rd of April 2006 the Icelandic Parliament enacted a new law dealing with the conversion of RARIK into a limited company – just 60 years after Parliament adopted the Act on the Establishment of Iceland State Electricity. According to the new act,



RARIK was incorporated in July 2006, and this limited company took over all activities of Iceland State Electricity on the 1st of August 2006.

FINANCES

Because of the conversion, RARIK was operating as two companies in 2006 and financial comparison between years is therefore not simple. Seen as one company, RARIK's operating performance was positive in many ways in the year 2006. Operating revenues for the year 2006 amounted to ISK 6.7 billion in 2006, and operating expenses ISK 6.1 billion. Net profit for the whole year was ISK 787 million. Total assets at the end of the year amounted to ISK 23 billion and equity amounted to ISK 14.2 billion.

SOME KEY FIGURES 2006

Regions	West	North	East	South	RARIK
Population	9.050	17.080	13.120	11.790	51.040
Consumer connections	5.980	8.269	5.394	8.720	28.363
Retail sales, GWh	165	242	370	208	985
Retail sales per capita, kWh	18.232	14.169	28.201	17.642	19.299
High Tension systems, km	1.984	2.865	1.767	2.377	8.993

SKAMMSTAFANIR

kV	=	kílóvolt
kW	=	kílówatt
MW	=	megawatt = 1.000 kW
kVA	=	kílóvoltamper
MVA	=	megavoltamper = 1.000 kVA
kWh	=	kílówattstund
MWh	=	megawattstund = 1.000 kWh
GWh	=	gígawattstund = 1.000 MWh = 1.000.000 kWh
TWh	=	terawattstund = 1.000 GWh = 1.000.000.000 kWh
mkr	=	milljón krónur
h	=	klukkustund
ISK	=	icelandic crowns
mkr	=	million icelandic crowns
h	=	hour
RARIK	=	Iceland State Electricity



Útgefandi/Published by
RARIK

Rauðarárstígur 10
Sími/Tel. 528 9000
Fax 528 9009
rarik@rarik.is
www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri
Umsjón og efnisöflun: Stefán Arngrímsson kynningarstjóri
Hönnun og umbrot: Stefán Arngrímsson
Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja
Ljósmyndir:

Emil Þór, Bóas Kristjánsson, Brynjar Svansson og ýmsir starfsmenn RARIK
Forsíðumynd: Aðveitustöð við Selfoss, ljósm. Bóas Kristjánsson.





Aðveitustöð RARIK á Selfossi (sjá forsiðu)



RARIK ohf • 528 9000 • www.rarik.is